

LÖG

um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

A-liður 10. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Kauphöll sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi og hliðstæðar kauphallir innan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

Í stað 2., 3. og 4. málsl. 1. tölul. 3. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Sé um að ræða verðbréfafyrirtæki sem stundar starfsemi skv. 8. gr. skal innborgað hlutafé nema að lágmarki 65 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 730.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Sé um að ræða verðbréfamíðlun sem stundar starfsemi skv. 9. gr. skal innborgað hlutafé nema að lágmarki 4,5 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 50.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, sbr. þó 2. mgr. 9. gr., en þar skal innborgað hlutafé nema að lágmarki 10 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 125.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

3. gr.

1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði þessa kafla taka til víðskipta með verðbréf í kauphöll og á tilboðsmarkaði sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi. Jafnframt taka þau til víðskipta með verðbréf utan skipulegra verðbréfamarkaða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Finnur Ingólfsson.